

EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan Seyðisfirði Seyðisfjörður



Dags eftirlits	22.11.2012	Fulltrúi UST	Leifur Þorkelsson
Fyrirtæki	Síldarvinnslan Seyðisfirði	Fulltrúi UST	
Heimili		Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Funnar Sverrisson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	733858,42 539323,093

Niðurstaða eftirlits

Eitt frávik frá starfsleyfi verksmiðjunnar kom í ljós en magn COD og svifagana í frárennsli mældist yfir viðmiðunarmörkum. Gerð var athugasemd við það að grænu bókhaldi vegna ársins 2011 var skilað of seint. Gert er ráð fyrir því að framkvæmdir við lekavarnarþró og frárennsli frá salernum hefjist á árinu 2013.

Umfang eftirlits

Eftirlitið hófst á fundi með verksmiðjustjóra. Farið var yfir starfsleyfi fyrirtækisins og síðustu eftirlitsskýrslu. Ein kvörtun vegna starfseminnar hefur borist til Heilbrigðiseftirlits Austurlands það sem af er ári en þann 20. febrúar var tilkynnt um mengun á sjónum við verksmiðjuna. Við skoðun heilbrigðisfulltrúa á vettvangi kom í ljós að mengunina mátti meðal annars rekja til bilunnar í löndunarbarka skips sem var við bryggju. Umhverfisstofnun var tilkynnt um atburðinn í með bréfi dagsettu 20. febrúar sl.

Starfsemin á árinu hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár og einskorðast við vetrar og vormánuði í tengslum við loðnu og kolmunnavertið. Vinnsla í verksmiðjunni hófst þann 10. janúar og henni lauk í byrjun maí. Alls var unnið úr 65.000 tonnum af loðnu og kolmunna á árinu. Tilkynnt hefur verið til eftirlitsaðila þegar vinnsla hefst á ný eftir að hafa legið niðri í meira en mánuð.

Grænu bókhaldi vegna ársins 2011 var skilað 25.06.2012 en skv. starfsleyfi á fyrirtækið að skila grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert fyrir næsta almanaksár á undan.

Fram kom að á vegum Seyðisfjarðarkaupstaðar og Síldarvinnslunnar er unnið sameiginlega að lausn á fráveitumála frá salernum í verksmiðjunni.

Fram kom að framkvæmdir við lekavarnarþró umhverfis lýsisgeyma hefjast væntanlega næsta sumar í kjölfar framkvæmda við hafnarmannvirki við lóð verksmiðjunnar. Síldarvinnslan óskaði í bréfi til Umhverfisstofnunnar eftir viðbótarfresti vegna fráveitu frá salernum og vegna lekavarnarþróar til haustsins 2013.

Sýnatökur á fráveituvatni fóru fram í febrúar sl. Skv. útreikningum verksmiðunnar er heildarlosun COD og svifagna yfir þeim losunarmörkum sem tilgreind eru í starfsleyfi.

Mælingar á TVN í hráefni fara fram reglulega og eru niðurstöður þeirra sendar til eftirlitsaðila.

Engar breytingar hafa verið gerðar á verksmiðjunni frá því að hún var síðast heimsótt og engar breytingar eru fyrirsjáanlegar ef frá er taldar framkvæmdir við lekavarnarþró og frárennsli frá salernum.

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar er til staðar og hangir hún meðal annars á vegg í verksmiðjuhúsi.

Eftir fundinn var verksmiðjan skoðuð í fylgd verksmiðjustjóra. Engin vinnsla var í gangi en unnið var að almennu viðhaldi. Snyrtilegt var um að litast í verksmiðjunni og á athafnavæði hennar og hvergi sáust ummerki um mengun eða óþrifnað sem rekja mátti til starfseminnar

Frávik frá

gr. 3.9 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Heildarlosun svifagna og COD mældist við sýnatökur yfir þeim

losunarmörkum sem tiltekin eru í starfsleyfi.


Athugasemdir

Grænu bókhaldi vegna ársins 2011 var skilað 25.06.2012 en skv. lið 1.7 í starfsleyfi á að skila grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert fyrir næsta almanaksár á undan.

Annað

Vakin er athygli á því að starfsleyfi verksmiðjunnar gildir til 1. febrúar 2014. Hvatt er til þess að sótt verði um nýtt starfsleyfi tímanlega.

Reykjavík, 12.12.2012



Leifur Þorkelsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta